



## Fundur í byggðaráði

**55. fundur byggðaráðs Langanesbyggðar, haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins að Langanesvegi 2, fimmtudaginn 5. maí 2022. Fundur var settur kl. 12:00.**

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson formaður, Mirjam Blekkenhorst, Siggeir Stefánsson, Jónas Egilsson sveitarstjóri og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Jón Rúnar Jónsson mætti á fundinn undir lið 7.

Formaður setti fund og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki og var því gengið til dagskrár.

## Fundargerð

### 1) Umsóknir um starf skrifstofustjóra

Lagðar fram umsóknir um starf skrifstofustjóra. Fyrir liggja tvær umsóknir ásamt mati ráðgjafa hjá fyrirtækinu Vöxtur og ráðgjöf ehf. um umsækjendur.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Baldur Hrafn Björnsson.

Samþykkt samhljóða.

### 2) Reglur um refaveiðar – uppfærsla á verðlagi

Tillaga að breytingum á greiðslum vegna refaveiða. Uppfærsla og samræming á greiðslum vegna.

Bókun um afgreiðslu: Verðskrá verður samkvæmt reglum.

Samþykkt samhljóða.

### 3) Verklegar framkvæmdir við íþróttamiðstöðina Ver og samstarfssamningar vegna vinnu við verkumsjón og verkáætlun 2022 -2023

Lögð fram minnisblað nr. 10, dags. 6. apríl 2022 með áætlun um verklegar framkvæmdir og verkáætlun við íþróttahúsið VER og minnisblað nr. 11, dags. 28. apríl 2022, með samstarfssamningi á milli Langanesbyggðar og Faglausn um verkumsjón og byggingastjórn vegna þeirra.

Bókun um afgreiðslu: Skv. minnisblaði 11 verður byggingarstjórn og daglegt eftirlit með framkvæmdum í höndum Faglausnar. Forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar verður daglegur tengiliður við sveitarfélagið. Verkfundir með verktökum, eftirlitsmönnum og fulltrúum sveitarfélags verða a.m.k. vikulega og fundagerðir lagðar fyrir byggðaráð.

Samþykkt samhljóða.



4) **Verksamningar við verktaka, Dawid smið og BJ vinnuvélar**

Lögð fram drög að yfirlýsingum við Dawid smið og BJ vinnuvélum vegna framkvæmda á íþróttahúsinu VER ásamt formi fundagerða.

*Bókun um afgreiðslu:* Byggðaráð vísar þessu máli til næsta fundar.

Samþykkt samhljóða.

5) **Viljayfirlýsing um samstarf vegna Finnaþjórðar**

Sveitarstjóri kynnti viljayfirlýsingu sem undirrituð var 4. maí 2022 með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar. Yfirlýsingin er vegna mögulegra framlenginga á samstarfi og nýtingarrétti FFPD á Finnaþjórðarsvæðinu til ársins 2060. Skv. núgildandi ákvæðum er þessi réttur skilgreindur til ársins 2040.

*Bókun um afgreiðslu:* Byggðaráð samþykkir að vísa málinu til sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

6) **Safnahúsið á Húsavík – erindi frá Norðurþingi og MMP**

Lagt fram vinnuskjal frá Fjölskyldusviði Norðurþings vegna Safnahússins á Húsavík og Menningarmiðstöðvar Þingeyinga ásamt greinargerð forstöðumanns safnsins um þær hugmyndir sem koma fram í vinnuskjalinu.

*Bókun um afgreiðslu:* Málinu vísað til sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

7) **Þarfagreining vegna bifreiða Þjónustumiðstöðvar Langanesbyggðar**

Lögð fram greinargerð frá forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar um bifreiðamál.

*Bókun um afgreiðslu:* Samþykkt að fela sveitarstjóra í samráði við forstöðumann Þjónustumiðstöðvar að skoða möguleika á kaupum á bifreið fyrir Þjónustumiðstöðina, m.a. rafmagsbifreið. Einnig samþykkt að leggja fram viðauka vegna þessara kaupa fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

8) **Fundargerð úthlutunarnefndar menningarsjóðs Langanesbyggðar með umsóknum og tillögum um úthlutun fyrir árið 2022**

Alls bárust fjórar umsóknir styrki samtals að upphæð kr. 362.000 og að auki ósk um að menningarsjóður styrkti gerð skiltis við minnismerkið um „Valda vatnsbera.“

*Bókun um afgreiðslu:* Byggðaráð samþykkir framlagðar tillögur um styrki.

Samþykkt samhljóða.

9) **Tilboð í úttekt á rekstri Þjónustumiðstöðvar frá KPMG**



KPMG hefur gert tilboð í úttekt á rekstri Þjónustumiðstöðvar fyrir og eftir sameiningu þjónustubátta undir eina stofnun.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð samþykkir að fela KPMG að framkvæma úttekt og samburði á rekstri Áhaldahúss og Þjónustumiðstöðvar Langanesbyggðar í samræmi við framlagðar tillögur.

Samþykkt samhlóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.55